

Sirkus

27. apríl 2007



Elskar pils og hælaskó

Fréttakonan María Sigrún Hilmarsdóttir segir pils og hælaskó gera veröldina fallegri. Sirkus kíktti í fataskápinn hennar.

Bls. 6

Gjafmildur Jón

Auðjofurinn Jón Ólafsson vann sex milljónir í spilavíti í Monte Carlo og gaf allt til munaðarleysingjahælis í Cannes.

Bls. 2



**Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir
púslar saman vinnu og fjölskyldu**

Í STRÍÐI VIÐ SAMVISKUBITID

SIRKUSMYND/VALLI



**Greiðslukjör
í allt að 36
mánuði**

Ívaskun og Engin útborgun

Gleraugað

Bláa húsin við Faxafen
Suðurlandsbraut 50
108 Reykjavík

Sími 568 1800

gleraugad@mmnet.is
www.gleraugad.is

**Sjónmælingar
linsumælingar**

eurovision hornið

Heyrt þetta áður



Ricky Martin 2

Grikkirnir eru þekktir fyrir að senda sjóðheita karlmenn og konur í Eurovision-keppnina og í ár er það engin undantekning. Ungi söngvarinn Sarbel mun syngja lagið Yassou Maria. Þeir gerast ekki sykursætari en Sarbel og á drengurinn eftir að heilla dómurnar upp úr skónum eða allavega þær sem fíla svona drengi. Sarbel hefur gert það gott í heimalandi sínu og er gefinn út af Sony BMG. Það er áhugavert í þessari keppni í ár hversu margar þjóðir senda söngvara sem eru að gera það gott.

Lagið Yassou Maria er eins og Eurovision-lag á að vera nema hvað að við höfum heyrt þetta áður. Þegar viðlagið byrjar segir söngvarinn sjóðheiti, „Shake it up, shake it up Maria“ og maður getur ekki annað gert en að hugsa til Ricky Martin er hann sló í gegn með lagiinu Livin' la vida loca. Þau eru ekki allveg eins en það er eitthvað svipað með þessum lögum.



Hermíkrákur dauðans

Ah, hver man ekki eftir þeim einföldu tímum, þegar Justin Timberlake var með aflitaðar krullur, ástfanginn af Britney Spears og enn í strákasveitinni *NSYNC. Spánverjar muna greinilega vel eftir þessum tíma og ákváðu að senda spænsku útgáfuna í Eurovision. D'NASH er spænsk strákasveit sem stofnuð var fyrir rúmu ári er kapparnir gáfu út sína fyrstu smáskífu.

Lagið sem drengirnir munu flytja í aðalkeppninni í Finnlandi í ár heitir I love you mi vida. Það er óhætt að segja að þetta sé eitt af verstu lögnum í keppninni í ár og að þeir skuli vera frægir er algjörlega óskiljanlegt. Það myndasta við þessa sveit er að þeir eru eins og slæm útgáfa af *NSYNC, meira að segja fyrsta smáskífan þeirra minnir á Justin og félagi.



ATHAFNAMADURINN JÓN ÓLAFSSON HUGSAR TIL ÞEIRRA SEM MINNA MEGA SÍN

VANN SEX MILLJÓNIR Í SPILAVÍTI Í MONTE CARLO OG GAF TIL MUNAÐARLAUSRA

Athafnamaðurinn Jón Ólafsson, stundum kenndur við Skífuna, gerði sér lítið fyrir um síðustu helgi og vann 68 þúsund evrur, um sex milljónir króna, í spilavíti í Monte Carlo. Jón hélt eftir þremur evrum sjálfur en gaf restina til munaðarleysingjahælis í Cannes þar sem hann er búsettur. Þorsteinn Kragh, stórvinur hans, var staddur með honum í spilavítinu og segir Jón hafa boðið sér upp á einn espresso í tilefni góðs gengis í 21 í spilavítinu. „Hann lagði 300 evrur undir, vann þetta á nokkrum tímum og bauð mér svo upp á kaffi. Afganginn gaf hann svo á munaðarleysingjahæli í heimabæ sínum. Cannes,” segir Þorsteinn í samtali við Sirkus. Hann bætir við að þetta sé ekki í fyrsta sinn sem Jón gerir slíkt. „Við höfum margoft farið í spilavíti víðs vegar um heiminn og hann hefur alltaf gefið vinningana sína.“

Jón og Þorsteinn voru staddir á ofurbílasýningunni Top Marques í Mónakó sem fram fór um síðustu helgi. Þar prufukeyrðu þeir alla helstu sportbíla heimsins á götum Mónakó sem einnig eru notaðar undir Formúlu 1 kappakstur. „Þetta var ótrúlegt ævintýri. Þarna var allt fullt af ríku fólki sem keypti bíla í safnið sitt fyrir stjarnfræðilegar upphæðir,” segir Þorsteinn og bætir við að honum hefði líðið eins og hann væri að labba inn í framtíðina þegar hann kom á sýninguna. „Bílnir voru svakalegir og mótörhjolin ekki síðri,” segir Þorsteinn sem tók snúning á nokkrum bílum, þar á meðal 850 hestafla Porsche-jeppa.

Aðspurður hvort hann

GJAFMILDUR
Auðjófurinn Jón Ólafsson vann sex milljónir í spilavíti um síðustu helgi og gaf þær til munaðarleysingjahælis í Cannes þar sem hann býr nú um stundir.



FÉKK KAFFIBOLLA Athafnamaðurinn Þorsteinn Kragh var með Jóni í Mónakó og fékk kaffibolla eftir gott gengi í spilavítinu.

hefði keypt sér bíl á sýningunni sagði Þorsteinn svo ekki vera. „En Jón keypti sér bláan Bentley Continental GTC, allveg sérlega glæsilegan blæjubíl,” segir Þorsteinn. Um verðið á Bentley-bílnum vill Þorsteinn ekkert segja en sagði bílinn þó dýran.

Þetta er ekki fyrsta ferðin sem Þorsteinn og Jón fara saman. „Hann hringir í mig þegar hann er í stuði og þá djöflumst við eitthvað,” segir Þorsteinn og hlær. „Við röltum á Kilimanjaro í júní fyrir tveimur árum og höfum farið í langar hestaferðir um hálendið. Við gistum á algjöru lúxushótelinu núna í Mónakó sem var fínt en ég kann betur við mig í hestaskúrum eða tjöldum uppi á hálendinu. Það er meiri stemning enda bý ég nánast í hótélherbergjum í starfi mínu sem umboðsmaður,” segir Þorsteinn.

oskar@frettabladid.is



FULLT AF PENINGUM Jón vann 68 þúsund evrur á nokkrum tímum í spilavítinu. „Hann er eldsnöggur að hugsa og heppinn,” segir Þorsteinn Kragh um félagi sinn þegar hann spilar 21.



NÝR BÍLL Jón festi kaup á nýjum Bentley-blæjubíl á bílasýningunni í Mónakó.



G-STAR RAW
REYKJAVÍK STORE
LAUGAVEGI 86-94, S: 511-2007

Opið föstudaga 11-18.30 laugardaga 11-17
200 frí bílastæði í kjallara hússins.

G-STAR RAW DEFENDER G-STAR R G-STAR



Just the product

Spennandi vörur

Mánuður í plötu Jógvans

„Þetta gengur bara ljómandi vel. Ég er að mestu leyti búinn að syngja,” segir færeyski hjartaknúsurinn Jógvan Hansen, um ganginn í upptökum á nýrri plötu hans en Jógvan bar sig úr byttum í X faktor þáttaröðinni á Stöð 2 fyrir skemmstu.

Hann vonast til að platan verði klár í búið eftir mánuð og segist vera stressaður yfir því hvaða viðtökur hún fái. „Ég hugsa um að gera mitt besta og vona að fólk taki vel á móti,” segir Jógvan en platan verður á rólegum nótum.

„Þetta er svona rólegt popp að mestu leyti þótt einhver keyrslulög læðist með,” segir Jógvan. Eitt frumsamið lag eftir hann verður á plötunni en auk þess verður meðal annars frumsamið lag eftir upptökustjóran Vigni Snæ Vigfússon við texta Magnúsar Þórs



RADDBÖNDIN ÞANIN Jógvan sést hér í upptökuverinu ásamt Vigni Snæ upptökustjóra og má sjá að drengurinn lifir sig inn í sönginn. SÍRKUSMYND/HÖRÐUR

Sigmundssonar. Nokkur laga þeirra sem Jógvan söng í X-faktor verða á plötunni auk þess sem hið vinsæla lag Óskars Páls Sveinssonar og Stefáns Hilmarssonar, Hvern einasta dag, verður með enskum texta Stefáns.

FÓTBOLTAFÁR taktu þátt í því!

**Skráðu þig í Fótboldaklúbb MasterCard á kreditkort.is,
notaðu MasterCard® kortið þitt og þú gætir verið á leið á
úrslitaleik UEFA Champions League í Apenu 23. maí!**

Skráðu þig í Fótboldaklúbb MasterCard og notaðu MasterCard kortið þitt frá
15. mars - 30. apríl og þú gætir unnið það sem alla fótboldaáhugamenn dreymir um:
Ferð fyrir tvo á úrslitaleik UEFA Champions League í Apenu 23. maí 2007.

Í hvert skipti sem félagi í Fótboldaklúbbi MasterCard notar MasterCard kortið sitt á
tímabilinu fer nafn hans í pottinn sem vinningarnir verða dregnir út. Því oftar sem þú
notar MasterCard kortið þitt, því meiri líkur á að þú farir á úrslitaleikinn!

Meira á www.kreditkort.is.



Ferð, gisting og miðar í boði MasterCard.

fréttir

Heyrst hefur



Fyrirsæta á nýjum bíl

Eftir því hefur verið tekið að **Björn Sveinbjörnsson**, fyrrverandi fyrirsæta og sambýlismaður Svövu Johansen, einatt kennd við 17, er kominn á nýjan bíl. Sá er ekki af verri gerðinni því um er



ad ræða kolsvartan Mercedes Benz-jeppa af gerðinni GL 500. Þessi bíll kostar á bilinu 11 til 14 milljónir frá Öskju, sem er með umboð fyrir Benz á Íslandi. Meðal annarra sem hafa keypt sér þennan glæsilega lúxusjeppa frá Benz eru flugkóngurinn og stjórnarformaður RÚV ohf., **Ómar Benediktsson** og Frakkinn Olivier Bremond, sem rekur verslunina Kisu ásamt eiginkonu sinni, Þórunni Eddu Anspach.



Meðal annarra sem hafa keypt sér þennan glæsilega lúxusjeppa frá Benz eru flugkóngurinn og stjórnarformaður RÚV ohf., **Ómar Benediktsson** og Frakkinn Olivier Bremond, sem rekur verslunina Kisu ásamt eiginkonu sinni, Þórunni Eddu Anspach.

Rappari til Kaupþings



Tónlistarmaðurinn kná **Sölvi Blöndal**, sem eitt sinn var forspraki rappsveitarinnar vinsælu Quarashi, mun vinna í greiningardeildinni hjá Kaupþingi í sumar. Sölvi, sem var aðalsprautan í útgáfu plötunnar Goldmine með Silviu Nótt, leggur nú stund á nám í hagfræði við Háskóla Íslands og fær því fína reynslu hjá bankanum í sumar.

Engir peningar enn

Tónlistarmaðurinn **Máni Svavarsson** þvertur fyrir það að hann sé orðinn moldrikur á góðu gengi tónlistarinnar úr Latabæ sem farið hefur sigurför um heiminn og meðal annars unnið hin virtu bresku BAFTA-verðlaun. Máni keypti sér nýlega einbýlishúsi í Garðabænum og fóru sögur á kreik um að þar væri Latabæjargróðinn kominn. Máni segist hins vegar ekki hafa séð mikið af peningum. „Þetta tekur mikið lengri tíma. Eg neita því hins vegar ekki að það væri gaman að græða á þessu eftir fjögurra ára streð í stúdíói á litlum launum,“ segir Máni.



Bond-bíllinn safnar ryki

Ílla gengur að selja Bond-bíllinn Aston Martin Db9, sem notaður var í nýjustu James Bond-myndinni Casino Royale. Bíllinn hefur staðið óhreyfður á bilasölu frá því fyrir jöl og þrátt fyrir að margir áhugasamir milljónamæringar hafi komið og skoðað hann hefur enginn ekið á brott á honum. Bíllinn, sem kostar 25 milljónir, stendur því óhreyfður og safnar ryki. Búndnar eru þó vonir við að bíllinn seljist þegar dag tekur að lengja og sumarið nálgastr.



ATHAFNAKONAN ÞÓRA GUÐMUNDSDÓTTIR SELUR FOKHELT HÚS SITT Í KÓPAVOGI



STÓRGLÆSI-LEGT Hús Þóru í Asparhvarfinu er risastórt og afar huggulegt.

VILL FÁ 125 MILLJÓNIR FYRIR 550 FERMETRA GLÆSIVILLU

É g svara ekki þessari spurningu. Það er minn réttur,“ segir flugdrottningin Þóra Guðmundsdóttir, oft kennd við Atlanta, í samtali við Sirkus hver sé ástæðan fyrir því að hún sé að selja rúmlega 560 fermetra glæsivillu sína í Asparhvarfi í Kópavogi aðeins rétt rúmum fjórum mánuðum eftir að hún keypti húsið af Einari Páli Tamimi, lögfræðingi hjá Glitni. Glæsivillan er tilbúin að utan en fokheld að innan og fylgja teikningar að skipulagi innanhúss eftir Rut Káradóttur innanhússarkitekt. Á efri hæð hússins eru til að mynda 100 fermetra svalir. Þóra vill fá 125 milljónir fyrir villuna sem stendur á frábærum útsýnisstað efst í Kópavoginum, rétt við Elliðavatn. Lóðin er gríðarstór, tæpir 2.000 fermetrar, og var í fyrstu gert ráð fyrir hesthúsi innan lóðamarkanna.

Að sögn fasteignasala sem Sirkus ræddi við getur orðið erfitt fyrir Þóru að selja húsið. Ekki sé stór markaður

VILL EKKI SVARA Þóra Guðmundsdóttir vill ekki gefa upp ástæður þess að hún kys að selja glæsivillu sína við Asparhvarf.



LÁTALAUST Þóra býr nú í einbýlishúsi í Leirutanga í Mosfellsbæ.

SIRKUSMYND/VILHELM

kaupenda að húsum sem kosta meira en hundrað milljónir auk þess sem staðsetningin hjálpi ekki til.

Þóra býr nú í rúmlega 250 fermetra einbýlishúsi í Leirutanga í Mosfellsbæ ásamt dóttur sinni en það hús byggði hún ásamt

fyrirverandi eiginmanni sínum og viðskiptafélaga, Arngrími Jóhannssyni. Þau seldu flugfélagið Atlanta til Magnúsar Þorsteinssonar fyrir um þremur árum og hefur Þóra verið talin með auðugustu konum landsins. oskar@frettabladid.is

Sturla hefur aldrei verið þyngri

É g held að ég hafi nú bara aldrei verið þyngri,“ segir Sturla Böðvarsson samgönguráðherra hlæjandi við Sirkus. Hann hafði mælst 105 kíló á vigt í Forvarnahúsinu þar sem blásið var til blaðamannafundar á mánudaginn í tilefni af því að alþjóðleg öryggisvika Sameinuðu þjóðanna hófst sama dag. „Annars kann ég nú betur við þaðvigtina heima. Hún sýnir 102,5 kíló og er eflaust mun áreiðanlegri,“ segir Sturla.

Þrátt fyrir annir í kosningabaráttunni segist Sturla bæta á sig kílóum meðan á slagnum stendur. „Ég hef tilhneigingu til að borða mikið í kosningabaráttunni, mikið af tertum, og hef lítinn tíma til að hreyfa mig,“ segir Sturla og bætir við að hann fari

ekki oft yfir hundrað kílóin.

„Ég er alveg í toppformi. Ég byrjaði ungar að vinna erfðisvinnu og fékk þá vöðva fyrir lífstíð,“ segir Sturla. Spurður um hreyfingu segist hann labba og synda reglulega.

En hvenær var hann í sínu besta formi? „Það hlýtur að hafa verið á því herrans ári 1978. Þá var ég búinn að vera bæjarstjóri í Stykkishólmi í fjögur ár og var 78 kíló. Síðan eru liðin mörg ár og þó nokkur kíló,“ segir Sturla og hlær.

ÞYNGIST Í KOSNINGABARÁTTUNNI Sturla Böðvarsson vegur nú 105 kíló og segist aldrei hafa verið þyngri. Kosningabaráttan tekur sinn toll enda úðar hann í sig tertum hvar sem hann kemur að eigin sögn. SIRKUSMYND/VILHELM



Mikilvægasta líffæri mannsins

tómstunda- og félagsmálafræði

grunnskólakennarafræði

íþrótt- og heilsufræði

sérkennslufræði

leikskólakennarafræði

menntunarfræði

þroskaþjálf- og fötlunarfræði

kennsluréttindánám

stjórnunarfræði menntastofnana

>> Grunnánám

B.Ed. nám í grunnskólakennarafræði
B.Ed. nám í leikskólakennarafræði
B.Ed. nám í íþróttufræði
B.S. nám í íþróttufræði
B.A. nám í þroskaþjálfufræði
B.A. nám í tómstunda- og félagsmálafræði
Kennsluréttindánám

>> Framhaldsnám

M.Ed. nám í menntunarfræði
M.Ed. nám í stjórnunarfræði menntastofnana
M.Ed. nám í sérkennslufræði
M.Ed. nám í íþrótt- og heilsufræði
M.Ed. nám í þroskaþjálf- og fötlunarfræði
M.Ed. nám í tómstunda- og félagsmálafræði
M.A. nám í menntunarfræði
M.S. nám í íþrótt- og heilsufræði
Ph.D. nám í menntunarfræði
Kennsluréttindánám

Heilinn er mikilvægasta líffæri mannsins

Taktu þátt í uppbyggingu hans og hafðu áhrif á hugmyndir, hugsjónir, skoðanir og viðhorf næstu kynslóða. Með því að sækja um í Kennaraháskólanum gætir þú öðlast þau forréttindi að fá að laða það besta fram í fólki og nauðsynlegt er að til þess veljist hæfileikaríkir einstaklingar.

Umsóknarfrestur um grunnánám er til **18. maí**.
Hægt er að sækja um rafrænt á www.khi.is



>> Kennaraháskóli Íslands
sími 563 3800 > www.khi.is

MEÐ SKÓDELLU „Skórnir eru héðan og þaðan og frá flestum heimshornum í raun. Ég er með meðvitaða skódelu eins og svo margar stúlkur.“



MARÍA SIGRÚN HILMARSDÓTTIR FRÉTTAMAÐUR ER ALLTAF GLÆSILEG TIL FARA

Pils og hælaskór gera veröldina fallegri

Ég hef máturega mikinn áhuga á tísku en finnst ég hafa dregist svolítið aftur úr upp á síðkastið. Er ekki alveg „up to date“ eins og sagt er,“ segir María Sigrún Hilmarsdóttir, fréttamaður á Sjónvarpinu, sem vakið hefur athygli fyrir glæsileika á skjánum. „Ég hef samt áhuga á falletum fötum en ekki endilega tískufötum. Stundum finnst mér ég eiga tvo fulla skápa af engu til að fara í,“ segir María og tekur undir að smekkur hennar hafi breyst með aldrinum. „Já og sem betur fer. Annars ætti ég yfir höfði mér sektir frá umhverfisráði fyrir sjónmengun. Ég er orðin miklu praktískari en ég var þegar ég vel mér föt og lét skynseminu ráða för.“

Þegar María Sigrún er beðin um að lýsa fatasmekki sínum segir hún hann heldur einfaldan. „Með vott af væmni kannski. Ég á mikið af pastellituðu. Mér finnst gaman af kvenlegum dragtarjökkum úr ull í anda sjötta áratugarins og klæðist þeim gjarnan við gallabuxur þegar ég er í vinnunni. Í frístundum ráða þægindin ferðinni og stundum klæðist ég nokkurs skonar náttbuxum heilu dagana og bol við ef ég kemst upp með það.“

María segir Íslendinga framarlega í tískunni en vildi að sumar konur myndu leggja gallabuxunum og flíspeysunni. „Og draga heldur fram pilsin og hælaskóna. Þá yrði veröldin enn fegurri en hún er,“ segir hún brosandí og bætir við að hún hlakki til sumarsins. „Þetta er í fyrsta sinn sem ég á rétt á sumarfrí. Ég hef alltaf verið í skóla og unnið á sumrin. Ég ætla að taka nokkrar vikur í endalausri dagsbirtu í júní og svo restina í haust. Þá hyggst ég brjóta upp skammdegið með sólarlandaferð,“ segir hún en bætir við að útilægur séu ekki fyrir hana. „Það fer mér ekkert sértaklega vel að vera í tjaldi. Ég er meira fyrir fellihýsi og sumarbústaði.“

indiana@frettabladid.is

GULLVESKI
„Úr TopShop minnir mig. Komið nokkuð til ára sinna. Fint í kokteilboð.“
MYNDR VILHELM



SUMARKJÓLL Kjólinn keypti María fyrir brúðkaup. „Ég vona að ég fái fleiri tækifæri til að klæðast honum.“




BIKINI „Bikinið er úr H&M og er með flottar palliettur. Þetta verður vonandi mikið á sundlaugarbakkanum í sumar.“



UPPAHALDS BUXURNAR
„Buxurnar eru frá FCUK. Ég á nokkrar svona, mismunandi að lit. Ég er svo ánægð með sniðið.“



SLAUFUKJÓLL
„Þessi er úr Karen Millen. Smekkaður valdi og hitti beint í mark.“



Netreikningur Sparisjóðsins

Nýr hávaxtareikningur í Heimabankanum – stighækkandi vextir eftir innstæðu
 Netreikningur Sparisjóðsins er óverðtryggður og óbundinn hávaxtareikningur. Þú stofnar Netreikning Sparisjóðsins á www.spar.is. Reikningurinn ber stighækkandi vexti, því hærri innstæða þeim mun hærri vextir skv. vaxtatöflunni* hér að ofan. Þú hefur aðgang að Netreikningnum allan sólarhringinn í gegnum Heimabanka Sparisjóðsins. Vextir eru færðir inn í árslok.

*vextirnir eru miðaðir við vaxtatöflu 21. 4. 2007

	Fjárhæð	Vextir
1. þrep	0– 1.999.999	12,50%
2. þrep	2.000.000– 9.999.999	12,85%
3. þrep	10.000.000–29.999.999	13,30%
4. þrep	30.000.000–59.999.999	13,70%
5. þrep	60.000.000+	14,60%

Enginn binditími

Binditími er enginn og þú getur tekið út hvenær sem þér hentar.

Enginn kostnaður og engin úttektarpóknun

Netreikningur er alltaf laus til útborgunar án úttektarpóknunar í Heimabanka Sparisjóðsins.

Engin lágmarksinnborgun

Ekki þarf að leggja inn tiltekna lágmarksfjárhæð til að fá háa vexti.



SPARISJÓÐURINN

– fyrir þig og þína

ÞORGERÐUR KATRÍN GUNNARSDÓTTIR ER MAMMA, EIGINKONA OG MENNTAMÁLARÁÐHERRA

LÍFIÐ ER SKEMMTILEGT PÚSLUSPIL

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra er 41 árs gömul. Hún er gift handboltahetjuni og bankamanninum Kristjáni Arasyni. Saman eiga þau hjónin þrjú börn, Gunnar Ara 11 ára, Gísla Þorgeir 7 ára og Katrínu Erlu sem verður 4 ára í júlí. Þrátt fyrir afar erilsamt starf nær Þorgerður Katrín að sameina það fjölskyldulífinu þótt hún kysi oft að hafa meiri tíma, bæði fyrir börnin og eiginmanninn.

Það er hjá okkur eins og flestum öðrum nútímafjölskyldum að lífið er endalaust en skemmtilegt púsluspil. Til dæmis á milli fimm og átta eins og margir þekja og líka á kvöldin. Það þarf að redda barnapíu ef við erum að vinna fram eftir því maðurinn minn er líka í mjög krefjandi vinnu hjá Kaupþingi og er mikið erlendis. Það þarf að púsla þessu öllu og það hefur gengið vel. Mér finnst líka mikilvægt að ég sýni að þetta sé hægt því við viljum hafa konur á öllum aldri í stjórnárum, konur sem eiga ung börn sem og barnlausar konur. Við verðum að sýna að þetta er gerlegt þótt þetta sé stundum ansi mikið,“ segir menntamálaráðherrann Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir um galdurinn við að sameina krefjandi vinnu og stórt heimili.

Tímaleysið háir mér mest

„Ég hef sagt það áður í viðtölum að það er tímaleysið sem háir mér mest. Ég myndi vilja hafa meiri tíma, sérstaklega tíma með fjölskyldunni. Það er þetta stanslausa stríð við samviskubitið sem ég hef glímt við en ég er eiginlega komin yfir það. Í það minnsta stundum. Ég horfi á börnin mín og þeim líður vel. Við knúsumst alltaf, náum að fíflast og tala saman. Það eru glöð og sátt.“

Ég reyni að leggja áherslu á það um helgar að ef ég er einhvers staðar að vinna annan daginn þá er ég laus hinn daginn. Og er orðin nokkuð grimm á föstudagskvöldin. Ef það eru frumsýningar eða eitthvað annað þá afþakka ég boð á slíkt. Þetta eru svona fjölskyldukvöld. Það eru allir saman og kannski þöntuð pitsa. Við reynum að hafa þetta svona. Það er auðvitað oft þannig í mínu starfi að þegar ég vakna á morgnana þá veit ég ekki hvernig dagurinn verður. Það eru auðvitað fastir punktar en síðan er ýmislegt sem kemur upp sem þarf að bregðast eða verða við. Ég er stundum komin heim klukkan sex, stundum átta og einstaka sinnum enn seinna. Þá reynir á skipulagninguna.“

En hver eldar?
„Ég elda. Ég ætla að vona það að ég sé betri kokkur en Kristján. Hann er þó einn allra besta grillari sem ég hef kynnst. Honum fer reyndar mjög



TÍMALEYSI Þorgerður Katrín vildi gjarnan hafa meiri tíma með dóttur sinni Katrínu Önnu og strákunum sínum tveimur, Gunnari Ara og Gísla Þorgeiri.

SIRKUSMYND/VALLI

fram í eldhúsinu en sumarið er kannski hans tími. Mér finnst nú reyndar þessi grillmennska stundum ofmetin því það er ekki síður mikil vinna að búa til allt í kringum blessaðan grillmatinn. En hann hefur oft sagt mér að þetta snúist um tilfinninguna, að halda safanum inni í kjötinu,“ segir Þorgerður Katrín og hlær dátt.

Lítill tími í lærdóm

Það verður ekki undan því vikist að spyrja sjálfan ráðherra menntamála hvort hún hafi mikinn tíma til að læra með börnunum sínum?
„Ég er ekki nógu dugleg. Það er eiginlega syndsamlega lítill tími sem ég get eytt með strákunum við lærdóm. Kristján hefur verið með það á sínum herðum. Ég geri eins og ég get þegar ég er heima en strákarnir eiga að læra um leið og þeir koma heim úr skólanum og þá er ég yfirleitt ekki komin heim. Síðan reyni ég að hlýða þeim yfir námsefnið og fylgjast vel með en ég myndi gjarnan vilja hafa meiri tíma fyrir lærdóminn þeirra. Ég reyni að lesa mikið fyrir þau. Það skiptir miklu máli að lesið sé fyrir börnin.“

Þeir finna það að ef ég verð ekki í ríkisstjórn næst þá hef ég meiri tíma þannig að þetta er bara tækifæri fyrir mig hvernig sem kosningarnar fara. Það væri virkilega gaman ef kosningarnar ganga vel og við sjálfstæðismenn verðum áfram í ríkisstjórn. Ef ekki þá opnast ný tækifæri og þótt ég telji mig vita að

það sé mikil vinna að vera í stjórnarandstöðu þá er ekki loku fyrir það skotið að ég fái meiri tíma með fjölskyldunni,“ segir Þorgerður Katrín.

Tölum saman og þegjum saman

Þorgerður Katrín og Kristján hafa verið saman frá því að þau voru unglingar en hvernig fara þau að því að viðhalda neistanum í hjónabandinu eftir öll þessi ár?

„Við reynum að eyða sem mestum tíma saman. Við eldum mat saman og förum í sveitina. Það besta er að

varla náð að komast í hesthúsið í vetur. Hestarnir eru yndislegir og ein bestu ferðalög sem við förum í eru hestaferðir,“ segir Þorgerður.

Verðum að lifa eðlilegu lífi

Hún segist hafa vitað af því að hún myndi fá gagnrýni á sig fyrir að fara til Kaupmannahafnar á tónleika Sálárinna og Stuðmanna í síðustu viku í stað þess að standa vaktina heima í kosningabaráttunni.

„Ég var búin að ákveða þessa ferð til Kaupmannahafnar fyrir löngu. Við hjónin erum í vinnahópi sem

aldrei verið reiðubúin til að gefa þetta eftir. Þetta var ferð með vinum og mínum manni og þótt ég vissi að ég myndi fá gagnrýni á mig út af því þá var ég ákveðin í því að brynja mig gegn slíku. Það er líka svo merkilegt að einn poppari sem var þarna úti spurði hvað hefði verið sagt ef ég hefði verið að fylgja Sinfóníuhljóm-sveitinu? En af því að þetta voru Sálín og Stuðmenn þá þótti það ekki nægilega fínt. Þessi ferð var hluti af því lífi sem við Kristján eigum saman og verðum að passa upp á.“

„Óg Kristján fær aldrei nóg af krefjandi starfi konu sinnar?
„Nei, Kristján er keppnismaður og nýtur þess að sjá mig í þessari baráttu. Öll hvatningin sem ég fæ frá honum er ómetanleg. Hann er líka minn besti ráðgjafi. Hann stendur eins og klettur við bakið á mér og hefur gefið mér ómetanleg ráð í erfiðum málum. Síðan er hann maðurinn sem er svo gott að halda í höndina á þegar eitthvað hefur ekki farið eins og maður vonaðist til,“ segir Þorgerður Katrín.

Kennaraverkfallið erfiðast

Og talandi um erfiða tíma. Hvað er það erfiðasta sem Þorgerður Katrín hefur staðið frammi fyrir í starfi sínu sem menntamálaráðherra?

„Kennaraverkfallið haustið 2004 var erfiður tími fyrir allt samfélagið. Mér fannst óskaplega sárt að horfa

FRAMHALD A SIÐU 10 >>

„ÞAÐ ER ÞETTA STANSLAUSA STRÍÐ VIÐ SAMVISKUBITIÐ SEM ÉG HEF GLÍMT VIÐ EN ÉG ER EIGINLEGA KOMIN YFIR ÞAÐ.“

hafa stundum ekkert fyrir stafni, vera bara tvö ein með börnin. Það er eiginlega best og það verður ákveðin endurnýjun í kyrrðinni í sveitinni. Síðan reynum við að nota tækifærið og skella okkur utan saman þótt það sé ekki nema í tvo daga kannski. Það er alveg ómetanlegt því þótt börnin séu yndisleg þá er það með okkur eins og önnur hjón að við þurfum okkar svigrúm, aðeins andrými frá þessu fjölskylduálagi og ábyrgð, og tíma ein saman. Það er afskaplega gefandi að vera tvö ein, tala saman og þegja saman. Mér finnst gott að vera í þögninni og lesa. Síðan erum við með hesta þótt það þá sé nú meira í orði þessa dagana því ég hef

samanstendur af gömlum leikmönnum úr FH í handboltanum og eiginkonum þeirra og við vorum alltaf að tala um það að við yrðum að fara að hittast. Hópurinn var ekki búinn að hittast lengi vegna tímaskorts þannig að við konurnar tókum okkur til og gáfum öllum mönnum okkar þessa ferð í jólagjöf. Ég vissi að kosningabaráttan yrði byrjuð en ákvað bara að hagræða því. Auðvitað er leiðinlegt að hafa misst af þættinum á Stöð 2 en þar er verið að gera frábæra hluti en ég hef alltaf verið talsmaður þess að sýna breiddina. Bjarni er náttúrulega mjög öflugur og stóð sig frábærlega. Þar fyrir utan hefði ég



OF ÞRÖNGT Þótt fjölskyldunni líði vel á Tjarnarbrautinni þá er of þröngt um hana þar.



NÝJA HEIMILIÐ Fjölskyldan mun flytja í þetta glæsilega hús í Mávahrauni í haust. Öll börnin fá þá sérherbergi.

Hannaðu þinn eigin sófa




Láttu drauminn rætast og hannaðu sófann sem þig hefur lengi dreymt um. Möguleikarnir eru nánast óendanlegir.



Þú velur form / stærð / áklæði / leður



Þú velur arma



Þú velur auka púða



Þú velur fætur



Verðdæmi
2,5 sæti, 2 Cajun armar, 4 Tapered fætur frá kr. 81.620
Skemill, 4 Tapered fætur frá kr. 25.820

LÍNAN

H Ú S G Ö G N

SUÐURLANDSBRAUT 22
SÍMI 553 7100 • www.linan.is

upp á kennara líða illa. Kennarar eru með léleg laun og það er í raun til skammar. Ábyrgðin liggur hjá ríkisvaldinu, sveitarfélögum og ekki síður hjá kennaraforystunni. Það eru þessir aðilar sem eiga að stíga fram og leita leiða til að bæta hag kennara. Nú tala ég líka sem foreldri því fyrir okkur er ekkert mikilvægara en góðir kennarar. Það þarf ekki að segja okkur hversu dýrmætt það er fyrir þjóðina að hafa góða kennara. Ég tók þennan tíma sem verkfallið stóð inn á mig, mér fannst vont að geta ekki komið með þessa töfralausn sem hefði virkað."

Smekkur til hins verra

Þorgerður Katrín þykir vera afar glæsileg kona og er einatt á listum yfir kynþokkafyllstu konur landsins. Nú síðast í Sirkus í síðustu viku þegar hún var kosin kynþokkafyllsta alþingiskonan af álitsgjöfum blaðsins. Skiptir þetta máli fyrir hana?

„Þetta skiptir mig engu máli. Mér finnst þetta aðallega skondið, svolítið skondið og svolítið gaman en það er greinilegt að smekkur landans er eitthvað að breytast til hins verra,“ segir Þorgerður Katrín og hlær. Hún segist þó vel geta tekið undir þetta með Bjarna Benediktsson sem var kosinn kynþokkafyllsti alþingismaðurinn.

„Ég held að það geti allar konur tekið undir það. Það er ekki bara að hann hafi þessa útgeislun og þennan þokka heldur er hann líka skarpur,



PASSA UPP Á SAMBANDIÐ Þorgerður Katrín og eiginmaður hennar, Kristján Arason, passa upp á að rækta sambandið þrátt fyrir miklar annir.

„ÞAÐ ER AFSKAPLEGA GEFANDI AÐ VERA TVÖ EIN, TALA SAMAN OG ÞEGJA SAMAN. MÉR FINNST GOTT AÐ VERA Í ÞÖGNinni OG LESA.“

skemmtilegur og tekur sjálfan sig mátulega alvarlega. Ég lít samt fyrst og fremst á kosningar sem þessar sem skemmtiefni og eru hugsaðar sem söluvara en ekki til að taka mjög alvarlega. Þetta gerir fólk forvitnið og truflar mig ekki. Í það minnsta á meðan það truflar ekki börnin mín."

Tími til kominn að stækka við sig

Þorgerður Katrín og Kristján keyptu glæsilegt einbýlishús í Mávahrauni

seint á síðasta ári en búa enn á Tjarnarbrautinni sem þau hafa átt frá því að Kristján kom heim úr atvinnumennsku árið 1990.

„Við munum flytja í Mávahraunið næsta haust. Gísli, bróðir Kristjáns, sem nú er látinn, byggði húsíð og það er gaman að það sé komið aftur í fjölskylduna. Við höfum fundið fyrir því að það er farið að þrengja að okkur í húsinu og því ákváðum við að stækka við okkur. Strákarnir hafa

verið saman í herbergi með kojur og þeir eru eiginlega orðnir of stórir fyrir kojurnar. Sú litla kúldrast líka í pínulítlu herbergi og fyrst við getum veitt okkur þann munað að stækka við okkur þannig að allir hafi nægt pláss þá gerum við það. Tjarnarbrautin er yndisleg en of lítil. Kannski erum við gömlu hjónin líka farin að taka svona mikið pláss,“ segir Þorgerður Katrín og hlær.

oskar@frettabladid.is

LJÓSKAN HANS JÓNS BALDVISS

Jón Baldvin Hannibalsson kallaði Þorgerði Katrínu „ljóskuna í menntamálaráðuneytinu“ í Silfri Egils um liðna helgi en það hefur ekki mikil áhrif á hana.

„Mér finnst þetta sorglegt að maður eins og hann, með þessa sögu og einn af stjórn málaforingjum síðustu aldar, skuli fara út í svona. Það er alveg greinilegt að hans tími er liðinn í stjórnmalunum. Ég tek þetta ekki inn á mig og er stolt af því að vera ljóshærð þótt ég þurfi



nú reyndar að líta á mér hárið til að viðhalda litnum. Það spunnust nú reyndar umræður um það hér í ráðuneytinu hvaða ljósku hann væri eiginlega að tala um þannig að þetta var eftirsóknarvert,“ segir Þorgerður Katrín og hlær.

„Þetta er ekki í fyrsta sinn sem hann talar um mig á þennan hátt þannig að ég er svo sem farin að sjá hvaða hug hann ber til mín. En þetta eru hans skoðanir og hann má hafa þær í friði. Mér finnst þessi orð hans samt bera keim af fortíðinni og ég vil ekki hafa svona í nútímanum. Hann getur gagnrýnt mig á málefnalegan hátt en ég ætla ekki að skipta mér af því hvort hann sé með hökuskegg eða ekki.“

120 1886 2006

Vaðan – út í lífið er þjónusta fyrir ungt fólk sem lokið hefur námi og er að koma undir sig fótunum.

Þú færð nánari upplýsingar á landsbanki.is. Í síma 410 4000 eða í næsta útibúi Landsbankans.

Við lánum þér **90%** af markaðsvirði fyrstu eignar

- 90% lán af markaðsvirði við kaup á fyrstu eign*
- 100% lán af markaðsvirði á 4,99% vöxtum gegn viðútarveði*
- Námslokalaán
- Yfirdráttarlán á LÍN kjörum í 2 ár
- 90% bifalán og 50% afsláttur af læntókugjöldum hjá SP-Fjármögnun
- Mótframlag við reglubundinn sparnað
- Fritt kreditkort
- Innngöngugjöld – 20.000 vildarpunktur eða 20.000 kr. ferðaúvisun

* Límskjendur verða að standast ásláhamet bankans.

Landsbankinn


http://www.myphotos.com/siggi

MY PHOTOS

Home The Tour Sign Up Explore


You aren't signed in Sign In Help

Search Siggis photos Search

 **Siggis photos**


Collections Sets Tags Map Archives Favorites Profile

ÉG á hana!




© All rights reserved.
Uploaded on Apr 15, 2007
7 comments

Hér fer sófinn, tv og PS3!




© All rights reserved.
Uploaded on Apr 15, 2007
11 comments

Ok...vantar smá hjálp:-0




© All rights reserved.
Uploaded on Apr 15, 2007
2 comments

Útsýnið maður!




© All rights reserved.
Uploaded on Apr 15, 2007
1 comments

Hér grillum við strákar!




© All rights reserved.
Uploaded on Apr 15, 2007
6 comments

Stutt í bæinn!!!




© All rights reserved.
Uploaded on Apr 15, 2007
15 comments

Þangað fer ruslið MITT!




© All rights reserved.
Uploaded on Apr 15, 2007
0 comments

Fínt og það virkar!



© All rights reserved.
Uploaded on Apr 15, 2007
3 comments

Mín íbúð...mín...mín...!



© All rights reserved.
Uploaded on Apr 15, 2007
12 comments

DYNAMO REKJAVÍK

Íbúðalán fyrir þig!

Hafðu samband í síma **575 4000** eða á **byr.is** og við hjálpum þér að eignast þína eigin íbúð*. Og það verður nýja íbúðin þín, bara þín!



*ATH! Útlán eru háð lánareglum BYRS - sparisjóðs.

BYR - sparisjóður | Sími 575 4000 | www.by.is

TÍU MANNA HÓPUR BERST UM AÐ VINNA HUG OG HJARTA AUDDA, SVEPPA OG PÉTURS

LEITIN AÐ STRÁKUNUM



Í kvöld hefst tíu manna úrslit í þættinum Leitinn að Strákunum á Stöð 2 þar sem átta karlmenn og tvær konur berjast um að vinna hylli þeirra Auðuns Blöndal, Sveppa og Péturs Jóhanns. Þremmingarnir munu senda einn keppanda heim í hverjum þætti og mun sigurvegarinn fá eigin sjónvarpsþátt á Sirkus-sjónvarpsstöðinni. Keppendurnir eru kynntir hér fyrir neðan.



Nafn? Eiríkur Rósberg Eiríksson.
Gælunafn? Eiki, Eikenhauser.
Aldur? 28 ára.
Mesta prakkarastrikið? Stal dagblöðum úr póstkösum í blokkum þar sem ég bjó á Akureyri, gekk með þau í hús og seldi svo ég gæti keypt mér He-Man kalla, sagði mömmu að ég hefði selt myndir sem ég teiknaði.
Hvers vegna ertu næsta sjónvarpsstjarna Íslands? Ég hef húmorinn, einlægnina og hugmyndaflugid.
Mesti hæfileikinn? Eldgleytingar og er snilldar-kokkur. Ég get alltaf fengið fólk til að brosa.
Mesti veikleikinn? Haha, held að það sé söngur. Ég er enginn söngvari í mér.



Nafn? Ragnar Erling Hermannsson.
Gælunafn? Raggi Turner.
Aldur? 22 ára.
Heimahagar? Hvolsvöllur.
Mesta prakkarastrikið? Ég og Davíð að gera vini okkar geðveika á okkur með látum á ólíklegustu stöðum.
Hvers vegna ertu næsta sjónvarpsstjarna Íslands? Því ég er hress og get skemmt fólk fram í fingurgóma.
Mesti hæfileikinn? Mannleg samskipti og leikhæfileikar.
Mesti veikleikinn? Matur og umburðarlyndi gagnvart leiðnilegu fólk.



Nafn? Þórdís Magnúsdóttir.
Gælunafn? Disin.
Aldur? 21 árs.
Heimahagar? Bý hjá foreldrum.
Mesta prakkarastrikið? Setti þvottaefni í bullkoku sem ég bakaði þegar ég var krakki og plataði frænku mína til að borða hana. Dálitið kvíndislegt, enda var maður vel skammaður.
Hvers vegna ertu næsta sjónvarpsstjarna Íslands? Tja ... er það ekki augljóst?
Mesti hæfileikinn? Hjá mér? Kann að segja „ha“ mjög vel, heyrir nefnilega mjög oft vitlaust.
Mesti veikleikinn? Heyrnin.



Nafn? Þorsteinn Þór Tryggvason.
Gælunafn? Þorri.
Aldur? Tvitugur.
Heimahagar? Höfuðborg norðursins.
Mesta prakkarastrikið? 1. apríl-gabbið í ár. Fyrirgefið, mamma og pabbi! Takk fyrir hjálpinu, Silfa mín!
Hvers vegna ertu næsta sjónvarpsstjarna Íslands? Því ég hef allt sem þarf til þess.
Mesti hæfileikinn? Allt varðandi íþróttir og bara flestallar tómsundur. Ég er sjálföruggur og fyndinn.
Mesti veikleikinn? Ég er skapstór og ræð stundum ekkert við mig.



Nafn? Viktor Bjarnason.
Gælunafn? Þara Viktor, stundum Viktor Svii.
Aldur? 18 ára.
Heimahagar? Sviþjóð til 8 ára aldurs og svo restin af árum mínum í Breiðholti.
Mesta prakkarastrikið? Þegar ég og Keli vinur minn vorum heima hjá mér og settum bolta fyrir neðan svalirnar hjá mér og báðum fólk að koma og kasta boltanum upp til okkar. Þegar það beygði sig eftir boltanum helltum við fötu af vatni á það. Þetta er eitt það besta prakkarastrik sem ég hef gert.
Hvers vegna ertu næsta sjónvarpsstjarna Íslands? Því ég hef gaman af því að vinna í kringum sjónvarpið, taka upp og fíflast.
Mesti hæfileikinn? Ekki feiminn ...!
Mesti veikleikinn? Málfaerni mín, á erfitt með að segja frá og slíkt.



Nafn? Hallur Örn Guðjónsson.
Gælunafn? Ég kys Wolverine af því að ég er Wolverine-aðdáandi.
Aldur? 23 ára, ég á afmæli 11. maí.
Heimahagar? Akureyri.
Mesta prakkarastrikið? Ég reyni að láta foreldra mína skammast sín sem mest þegar ég er með þeim. Ég lét mig einu sinni detta í gólfid í Hagkaupum með mömmu og kallaði á hana af hverju hún hefði hrint mér.
Hvers vegna ertu næsta sjónvarpsstjarna Íslands? Ég kem til dyranna eins og ég er klæddur.
Mesti hæfileikinn? Koma fólk til að hlæja kannski.
Mesti veikleikinn? Standast freistingar, aðallega matarkyns eða tæki.



Nafn? Jóhann Sævar Eggertsson.
Gælunafn? Jói.
Aldur? 20 ára.
Heimahagar? Ég þekki ekki þetta orð.
Mesta prakkarastrikið? Þau eru svo mörg. Einu sinni teipaði ég plastpoka fyrir pústrórið á bíl frænda míns. Það uppátæki endaði með skarkólum.
Hvers vegna ertu næsta sjónvarpsstjarna Íslands? Ég geri verkefni og dómarnir dæma, ég geri mitt besta og er ég sjálfur. Ég hef gigantískan áhuga á þessu og það er það sem hjálpar mér mikið í gegnum þetta.
Mesti hæfileikinn? Ég býst við að það sé að gera öðrum til geðs, annars er erfitt að svara því einn, tveir og tíu.
Mesti veikleikinn? Ég á mjög erfitt með að vera vondur við aðra þannig að ég á erfitt með að svara gegn öðrum. Ég hef verið fremur feiminn við að segja mína skoðun en það hefur þrælatnað.



Nafn? Jón Haukdal Þorgeirsson.
Gælunafn? Bangsi.
Aldur? 28 ára.
Heimahagar? Reykjavík, fæddur á Sauðárkróki.
Mesta prakkarastrikið? Að kíkja á konu í sturtu þegar ég var 9 ára.
Hvers vegna ertu næsta sjónvarpsstjarna Íslands? Hugmyndir á hugmyndir ofan.
Mesti hæfileikinn? Raddir og spuni.
Mesti veikleikinn? Matur.



Nafn? Friðjón Valtýr Sigurðsson.
Gælunafn? Fribbi.
Aldur? 30 ára.
Heimahagar? Bý hjá foreldrum.
Fyrri afrek? Leitinn að strákunum.
Hvers vegna ertu næsta sjónvarpsstjarna Íslands? Tek þátt í leitinni.
Mesti hæfileikinn? Fær í engu.
Mesti veikleikinn? Feiminn og á erfitt með að koma orðunum rétt út úr mér.



Nafn? Sara Hrund Gunnlaugsdóttir.
Kennitala? 210681-4939.
Heimilisfang? Leiðhamrar í Grafarvogi.
Manneskjan næst þér? Aðallega Berglind vinkona mín. Vildi nú samt heldur að það væri karlmaður en það er hans vandamál.
Gælunafn? Neeei, jú kannski Litla þ.
Aldur? 25 ára.
Heimahagar? Ef ég mætti ráða þá væru mínir heimahagar hagarir við eyðibýli rétt hjá Djúpvík á Ströndum, en ég efast stórlega um að einhver aumingja vesalings maður myndi vilja flytja með mér þangað.
Mesta prakkarastrikið? Að halda kjafti þangað til ég varð 4 ára, og látið ömmu ásamt fleirum halda að ég væri þroskaheft, sem varð til þess að ég var send oftan en einu sinni í greiningu. Það sem þau vissu ekki var að þetta var allt meðvituð ákvörðun hjá mér.
Hvers vegna ertu næsta sjónvarpsstjarna Íslands? Að því að ég er sæt með stór brjóst.
Mesti hæfileikinn? Var ég búin að nefna stóru brjóstin? Það þarf ákveðna hæfileika til þess að halda þeim uppi.
Mesti veikleikinn? Ég er snillingur í að eyðileggja sögur. Passa mig alltaf á því að segja fyrst frá endinum og hlæja svo mikið sjálf að enginn annar nær brandaranum, og svo loks þegar ég er búin að klára söguna þá er grafarþögn.





Viltu vinna með okkur?

SUMARSTÖRF

Við bjóðum sveigjanlegan vinnutíma og aðlögun að þínum þörfum.
Starfshlutfall samkomulag.

Allar nánari upplýsingar gefur Magnea í síma 585 9529
eða á magnea@hrafnista.is

Hægt er að sækja um á www.hrafnista.is



HRAFNISTA

www.hrafnista.is | sími: 585 9529

helgin

Uppáhalds veitingastaðurinn



„Uppáhaldsveitingastaðurinn minn er japanskur veitingastaður í Soho sem heitir Satsuma. Staðurinn er skemmtilega upp settur og maturinn þar er alltaf jafn góður. Ég mæli sérstaklega með Chicken katsu curry eða Miso ramen hjá þeim.“

Hafðis Huld söngkona

„Ég verð eiginlega að nefna tvo veitingastaði. Pan American Club við höfnina í Liverpool.



Frábært andrúmsloft, meiri háttar staðsetning og afbragðsmatur. Svo verð ég að nefna einhvern íslenskan, enginn í sérstöku uppáhaldi en Austur-Índíafélagið klikkar aldrei, þægileg stemning og fínn matur.“

Hörður Magnússon
Íþróttafretta-
maður



„Það eru margir góðir staðir í Reykjavík en gamla góða Grillið stendur alltaf fyrir sínu. Mér líður alltaf vel á Grillinu. Maturinn er góður og það sem skiptir máli er að þjónustan er líka mjög góð.“

Alexia Björg Jóhannesdóttir leikkona



„Uppáhaldsveitingastaðurinn minn er Ítalía af því ég og kærastan förum þangað á okkar fyrsta deit. Ítalía er staðurinn okkar.“

Kristinn Darri Röðulsson, Herra Ísland

sirkus

Útgáfufélag 365 prentmiðlar
Útgefandi Helgi Hermannsson, ábm.
Ritstjórn Óskar Hrafn Þorvaldsson
oskar@frettabladid.is,
Indiana Ása Hreinsdóttir, indiana@
frettabladid.is Útlitshönnun Kristín
Agnarsdóttir kristina@frettabladid.is,
Sirkusblaðið Skaftahlíð 24
105 Rvk, sími 550 5000
Sölustjóri Gréta Karen Grétarsdóttir
550 5864 gretakaren@frett.is



Nýtur þess að smyrja á hana brúnkukreminu

Ég er að sjálfsgöðu rosalega stoltur af henni,“ segir Elmar Freyr Elíasson, einkaþjálfari og sambýlismaður Rósu Bjargar Guðlaugsdóttur, en Rósa stóð sig með þryði á Fitness-mótinu sem haldið var á Akureyri á dögunum. Rósa Björg, sem er 35 ára, lenti í 3. sæti í hópi 35 ára og eldri og 2. sæti í hópi kvenna sem eru hærri en 164 cm. Rósa og Elmar starfa bæði í líkamsræktargeiranum. Hún hjá Curves ásamt því að vera í einkaþjálfaranámi en Elmar er einkaþjálfari ásamt því að vera með hóptíma. Þau kynntust í Sporthúsinu og eru sammála um að þessi sameiginlegi áhugi þeirra sé jákvæður fyrir árangurinn. „Sportinu fylgja miklar þælingar og það fer mikill tími í þetta,“ segir Rósa Björg og Elmar tekur undir: „Það er mun betra að

æfa með einhverjum og við berjum hvort annað áfram. Þetta er okkar lífsstíll og jafn stór hluti af okkur og hvað annað. Það góða við þetta áhugamál er að það smitar stelpuna okkar, Daníelu. Hún vill vera eins og mamma sín og ætlar að vinna skólahreystið einhvern tímann.“ Rósa segir ekki mikla keppni ríkja á milli þeirra Elmars enda hafi hún hingað til séð um að keppa á mótum. Hún vonar þó að Elmar láti til skarar skrifa á næsta ári. „Maður veit aldrei hvað framtíðin hefur að geyma, við sjáum bara til,“ segir hann. Aðspurður hvort Rósa taki hann í armbeygjum segir hann svo vera. „Hún er betri en ég í þessu öllu enda atvinnumaðurinn í þessu. Ég stend hjá, hvet hana áfram og nýt þess að smyrja á hana brúnkukreminu.“

indiana@frettabladid.is

FLOTT PAR Elmar Freyr og Rósa Björg kynntust í Sporthúsinu og eru bæði á fullu í ræktinni. SIRKUSMYND/VALLI

SPURNINGAKEPPNI sirkuss

SPURNINGAKEPPNI SIRKUSS HELDUR ÁFRAM. Í ÞETTA SKIPTIÐ MÆTIR MARTA MARÍA SIGURÐI KÁRA KRISTJÁNSSYNI ALÞINGISMANNI.

1. Hvaða ár var Sódóma Reykjavík frumsýnd?

2. Hvað heitir lagið Ég les í lófa þínum á ensku?

3. Hvað heitir heimavöllur West Ham?



4. Hver situr í efsta sæti lista Victoria's Secret yfir kynþokkafyllstu feður heims?

5. Hverjir standa fyrir heimasíðunni loford.is?

6. Hvað heitir frægi ísbjörninn sem komst í fréttirnar á dögunum vegna morðhótunar?

7. Í hvaða götu búa Nágrannar?

8. Hvaða eyju er lýst: Eyjan er 5,3 km² að stærð. Hæst er hún 105 metrar og fjarlægð frá Íslandi er 41 km?

9. Hvaða fegurðarsamkeppni var haldin í félagsheimilinu í Hnífsdal síðasta vetrardag?

10. Hvað heita systurnar í Hara?



■ Sigurður Kári

- 1994.
- I read your mind.
- Upton Park.
- David Beckham.
- Stúdentaráð Háskóla Íslands.
- Knútur.
- Friendsroad.
- Grimsey.
- Óbeisluð fegurð.
- Ragnheiður og Halldóra.

■ Marta María

- 1993.
- Valentine's s Lost.
- Veit ekki.
- Brad Pitt.
- Stúdentaráð Háskóla Íslands.
- Knútur.
- Hef ekki hugmynd.
- Hrísey.
- Óbeisluð fegurð.
- Veit ekki.

Sigurgöngu Mörtu Maríu er lokið. Sigurður Kári sigrar með sex stigum gegn fimm. Marta María skorar á Gerði Kristnýju sem mun keppa við Sigurð Kára í næstu viku.

Rétt svör: 1. 1993 2. Valentine's s Lost. 3. Upton Park. 4. David Beckham. 5. Stúdentaráð Háskóla Íslands. 6. Knútur. 7. Ramsay Street. 8. 1993 2. Valentine's s Lost. 9. Óbeisluð fegurð. 10. Rákel og Hildur.

■ Hvað á að gera í sumar?

„Ég ætla að ferðast um landið okkar. Ég geri mikið af því á hverju sumri enda finnst mér fátt skemmtilegra. Síðan er aldrei að vita nema maður skelli sér til útlanda í ágúst.“

Tinna Hrafnadóttir leikkona

„Sumarið er mjög opið hjá mér. Vonandi get ég skemmt mér og komið mér áfram í



„bransanum“. Ég ætla að fara að læra tækniteiknun í lönskólanum í Reykjavík í haust svo ég hef hugsað mér að vinna eins og geðsjúklingur fram að því.“

Guðný Pála Rögnvaldsdóttir söngkona

„Í sumar ætla ég að leika við strákana mína. Við ætlum ekki til útlanda en förum örugglega saman í útilegur og svo ætla ég að spila golf.“

Sigmar Vilhjálmsson fjölmiðlamaður



„Ég fer með manni og barni til Hamptons og Manhattan. Við ætlum að skipta við vini um íbúð sem er frábær leið til að fara í gott og langt sumarfrí án þess að fara á hausinn vegna hótélkostnaðar. Við verðum í mánuð og ég hlakka mikið til.“

Bryndís Ísford Hliðversdóttir, frambjóðandi Samfylkingarinnar





HÁSKÓLI 21. ALDARINNAR



Nám við Háskólann í Reykjavík er dýrmætt veganesti fyrir þá sem vilja öðlast góða menntun og starfa í fremstu víglínu atvinnulífsins.

Háskólinn í Reykjavík er eftirsóttur. Þeir sem útskrifast úr skólanum hafa öðlast skilning á íslensku atvinnulífi og samfélagi. Þeir hafa kynnst alþjóðlegu samstarfi og fengið innsýn í framtíðina í gegnum brautryðjandi rannsóknir.

Háskólinn í Reykjavík er í forystu hvað varðar þjónustu við nemendur og öll aðstaða til náms er framúrskarandi.

Nemendur HR geta sótt námskeið í u.þ.b. 100 skólum í rúmlega 20 löndum.

Ef þú vilt undirbúa þig fyrir framtíðina, læra og þroskast í skemmtilegu, skapandi og krefjandi umhverfi þá er Háskólinn í Reykjavík fyrir þig. Öflug menntun og skýr framtíðarsýn leggur grunninn að bjartri framtíð.

Tækni- og verkfræðideild

Tækni- og verkfræðideild HR er ein af stærstu háskóladeildum landsins. Þar er lögð áhersla á að veita tæknifólki og stjórnendum framtíðarinnar afburða háskólamenntun. Ennfremur er mikið lagt upp úr því að nemendur geti, sjálfstætt eða í samstarfi við fræðimenn í fremstu röð, stundað öflugar rannsóknir og sinnt nýsköpunar- og þróunarstörfum í tækni- og verkfræði. Þeir sem mennta sig í þessum greinum eiga stóran þátt í velgengni margra íslenskra fyrirtækja á alþjóðmarkaði.

Viðskiptadeild

Viðskiptafræðinámið í Háskólanum í Reykjavík er góður undirbúningur fyrir mikla ábyrgð í atvinnulífinu. Það gefur duglegum námsmönnum tækifæri til að ná langt í starfi og er um leið góður undirbúningur fyrir framhaldsnám í viðskiptafræði. Framtíðarsýn viðskiptadeildar er: Að vera fyrsta val fólks sem vill læra viðskiptafræði á Íslandi. Að vera fyrsta val fyrirtækja og stofnana sem vilja ráða afburðafólk til starfa sem hefur viðskiptamenntun.

Lagadeild

Við lagadeild Háskólans í Reykjavík er í boði metnaðarfullt og nútímalagt laganám sem miðar að því að útskrifaðir nemendur verði framúrskarandi lögfræðingar og í fremstu röð á sínu sviði. Lagadeild HR er brautryðjandi í nútímavæðingu laganáms hér á landi, hvort sem litið er til skipulags námsins eða kennsluáferða. Vorið 2007 útskrifar lagadeild fyrstu laganemana með fullnaðarpróf í lögfræði eftir fimm ára grunn- og meistaranám.

Kennslufræði- og lýðheilsudeild

Kennslufræði- og lýðheilsudeild býður nýtt og spennandi nám fyrir fagfólk, sem vinnur að því að mennta börn og ungmenni, efla þroska þeirra, heilsu og velferð. Námið er ætlað þeim sem vilja vinna að velferð einstaklinga í samfélaginu, svo sem í félags- og heilbrigðisþjónustu og þeim sem vilja afla sér kennsluréttinda og vinna innan skólakerfisins. Meginmarkmið deildarinnar er að hafa áhrif á menntun og heilsu þjóðarinnar. Við deildina er boðið upp á nám á fjórum sviðum: Lýðheilsufræði, stærðfræði, íþróttufræði og kennslufræði.

Kynntu þér nám í HR á www.hr.is

Umsóknarfrestur er til 31. maí.



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY

OFANLEITI 2 • HÖFDABAKKI 9 • KRINGLAN 1
SÍMI: 599 6200 • www.hr.is

MAX

RAFTÆKI

Dúndur gott verð



Samsung LE32R32

- 32" LCD veggssjónvarp
- HDTV háskerpusjónvarp
- 1366 x 768 punkta upplausn
- Mynd í mynd (1 tuner)
- DVI, Component, SCART x 2, PC (D-sub), Composite og S-video

32" LCD

44.989 kr.



Enox LTV7519WHD

- 19" LCD breiðtjaldssjónvarp
- 1280x1024 punkta upplausn
- Progressive Scan
- HD Ready
- 18w stereó hljóðkerfi
- Scart, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi
- DVI tengi

Fullt verð ~~54.989~~

148.989 kr.



Toshiba 37WL66ZS

- 37" LCD breiðtjald
- 1366x768 punkta uppl.
- Active vision LCD
- Progressive scan
- 30w Nicam stereó hljóð
- 2 Scart (RGB), 2 HDMI, SVHS, CVBS, Component og heyrnartólstengi

Fullt verð ~~199.989~~

159.989 kr.



Samsung LE37S71

- 37" LCD veggssjónvarp
- HD Ready
- DNle stafræn myndvinnsla
- Upplausn: 1366 x 768
- Mynd í mynd (1 tuner)
- HDMI, Component, SCART x 2, PC (D-sub) og S-video
- Game mode

Fullt verð ~~199.999~~

184.989 kr.



Samsung LE40S71

- 40" LCD veggssjónvarp
- HD Ready
- DNle stafræn myndvinnsla
- Upplausn: 1366 x 768
- Mynd í mynd (1 tuner)
- HDMI, Component, SCART x 2, PC (D-sub) og S-video
- Game mode

Fullt verð ~~299.989~~

229.989 kr.




Sony KDL40U2000E

- 40" HD 16:9 LCD sjónvarp
- 1366x768 punkta upplausn
- Progressive Scan
- HD Ready
- Skerpa: 1.000:1
- Nicam stereó hljóðkerfi
- 2 x Scart, HDMI, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi
- VGA tengi

Fullt verð ~~289.989~~

249.989 kr.



Pioneer PDP427XA

- 42" Plasma sjónvarp
- HD Ready
- 1024x768 punktar uppl.
- Skerpa: 3000:1
- Birta: 1100 cd/m2
- Direct Color Filter 2
- Mikilir tengimöguleika

Fullt verð ~~359.989~~

OPNUNARTÍMI
Mánudaga til föstudaga kl. 11-19.
Laugardaga kl. 11-18 og Sunnudaga kl. 12-18.

Frábær
tækjakaup

MAX / Kaupúni 1 / 210 Garðabæ / Sími 412 2200
Við erum beint á móti IKEA

MAX